

Minnisblað

Lagt fyrir fund fjölskylduráðs Hafnarfjarðar

24. febrúar 2017

Nemakort fyrir fatlaða framhaldsskóla- og háskólanema.

Á fundi með framkvæmdastjórum velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og sviðsstjóra farþegaþjónustu Strætó bs. þann 14. desember sl. var kynning á þjónustu Reykjavíkurborgar fyrir fatlaða framhalds- og háskólanema sem eiga kost á ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Þar sem um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu er að ræða hefur stjórn Strætó bs. samþykkt að bjóða öðrum sveitarfélögum kost á að bjóða upp á svokallað nemakort.

Nemakort í akstursþjónustunni er árskort og í upphafi tímabilsins er greidd eingreiðsla sem gildir um allan akstur bæði í akstursþjónustunni og í almennan Strætó. Andvirði gjaldsins skiptist jafnt á milli viðkomandi sveitafélags og Strætó bs. Fram kom hjá sviðsstjóra að reynslan sýndi að nemakort auka áhuga og færni nema á framhalds- og háskólastigi til að nýta sér almenningsvagna í stað sérútbúna bifreiða og gefa tækifæri til að velja ferðamáta eftir því sem hentar hverju sinni.

Fyrir nemakort greiða einstaklingar undir 18 ára aldri 20.700 kr. en einstaklingar 18 ára og eldri greiða 48.500 kr. Í Hafnarfirði eru 10 nemar sem njóta ferðaþjónustu, þ.e. níu nemar sem eru yngri en 18 ára og einn nemi, sem er eldri en 18 ára. Skv. upplýsingum frá Strætó bs. fóru nemarnir 2900 ferðir á árinu 2016.

Skv. núverandi fyrirkomulagi greiðast 2900 ferðir á 210 kr.pr/ferð, sem gerir **609.000 kr.** í áætlaðar tekjur til Hafnarfjarðarbæjar. Ef nemunum gæfist hins vegar kostur á að nýta sér nemakort Strætó bs. væri kostnaðurinn: $9 \times 20.700 = 186.300$ kr. og $1 \times 48.500 = 48.500$ kr. **Samtals 234.800 kr.** Þar sem helmingur upphæðarinnar kæmi í hlut Hafnarfjarðarbæjar eða 117.400 kr. Hér er um tekjulækkun að ræða fyrir Hafnarfjarðarbæ en myndi auka sjálfstæði fatlaðra nema í vali á ferðaþjónustu.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að samþykkt verði breyting á reglum Hafnarfjarðarbæjar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks þar sem nemendur á framhalds- og háskólastigi, sem eru með heimild í akstursþjónustunni og eru með lögheimili í Hafnarfirði, verði boðin nemakort.

Hafnarfirði, 23. febrúar 2017

Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri